



Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 10. árgangur, 9. apríl 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólalóðin

Framkvæmdir við skólalóðina eru komnar í gang á nýjan leik og nú vonumst við til þess að geta opnað hluta lóðarinnar í kringum næstu mánaðamót. Það sem eftir stendur verður svo klárað í sumar og því mun allt önnur og betri skólalóð taka á móti nemendum í upphafi næsta skólaárs!

Skóladagatal 2018-19

Skóladagatal Naustaskóla fyrir árið 2018-2019 er nú tilbúið og má nálgast það í frétt á heimasíðu skólans. Hér má sjá nokkrar lykildagsetningar:

- Skólasetning er þriðjudaginn 21. ágúst.
- Haustið er 18.-21. október.
- Jólafrið hefst 21. desember.
- Vetrarfrí er 6.-10. mars.
- Páskafrið hefst 12. apríl.
- Skólaslit eru þriðjudaginn 4. júní.

Sumardagurinn fyrsti og starfsdagur

Sumarið nálgast óðfluga og sumardagurinn fyrsti ber nú upp á 19. apríl næstkomandi. Að vanda er frí í skólum þennan dag. Föstudaginn 20. apríl er svo starfsdagur í Naustaskóla og þennan dag er Fristund einnig lokuð. Við óskum ykkur öllum gleðilegs sumars!



Kæra skólasamfélag

Eftir áramótin höfum við stjórnendur og fulltrúar kennara, unnið við endurmat á stefnu Naustaskóla og framkvæmd kennslunnar. Ákveðið var að skipta nemendum í aldurskipta umsjónarhópa og að kjarnagreinar verði meira kenndar í aldurskiptum hópum. Þema og samvinnunám verður hinsvegar kennt í aldursblönduðum hópum og ætlunin er að nýta þau tækifæri sem teymiskennsla hefur upp á að bjóða og við höfum þróað í Naustaskóla.

Einnig er stefnt að því að kennarateymi fylgi sínum nemendahóp í 2 – 3 ár og leitast við á þann hátt að koma í veg fyrir tíð skipti á umsjónarkennara nemenda. Við horfum björtum augum til næsta skólaárs og vonumst til að þessar breytingar bæti skólastarfið enn frekar.

Bryndís, Alla og Þorgeir





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Fristund sími 460-4111

Árshátíð Naustaskóla 2018

Árshátíð Naustaskóla var haldin með pomp og prakt síðustu dagana fyrir páska. Nemendur og starfsfólk unnu hörðum höndum að undirbúningi hátíðarinnar sem tókst virkilega vel og stóðu nemendur sig frábærlega. Við þökkum foreldrum og forráðamönnum kærlega fyrir góða mætingu og framúrskarandi góðar veitingar á kaffihlaðborðinu! Þónokkuð varð eftir af kökufötum og öðru slíku sem við biðjum ykkur um að sækja. Hægt er að sjá myndir frá árshátíðinni á heimasíðu skólans.



Skólahreysti

Naustaskóli tók þátt í Skólahreysti miðvikudaginn 4. apríl síðastliðinn. Skólahreysti er valgrein á unglíngastigi og hefur hópur nemenda stundað stífar æfingar undir stjórn Sigmundar íþróttakennara til að undirbúa sig fyrir hina árlegu Skólahreystikeppni sem fram fer í Íþróttahöllinni. Að þessu sinni voru fulltrúar skólans þau Emilía Steindórsdóttir, Raket Sara Sverrisdóttir, Trausti Lúkas Adamsson og Aron Ísak Hjálmarsson og stóðu þau sig með miklum sóma. Lið Brekkuskóla og Varmahlíðarskóla urðu hlutskörpust í Norðurlandsriðlunum og munu keppa til úrslita í Laugardalshöllinni nú í vor.

SKÓLAHREYSTI



Söngvaflóð í Hofi

Dagana 11.-13. apríl nk. fara nemendur í 1.-7. bekk í grunnskólum bæjarins á risasöngsal í Hofi. Er þetta hluti af Söngvaflóðsverkefninu sem staðið hefur yfir í vetur. Engin önnur en Salka Sól mætir á svæðið og mun hún, ásamt húsbandi Tónlistarskólans, spila og syngja nokkur vel valin lög með nemendum. Um er að ræða lög sem æfð hafa verið í vetur undir handleiðslu kennara frá Tónlistarskólanum og hefur þemað eftir áramót verið Eurovision. Skemmtilegt verkefni sem vonandi verður framhald á næsta vetur.



Óskilamunir

Enn á ný viljum við benda á að talsvert hefur safnast upp af óskilamunum hér í skólanum og biðjum við ykkur um að skoða endilega vel hvort þar leynist eitthvað sem tilheyrir ykkar barni. Þeir óskilamunir sem ekki verða sóttir fyrir skólaslit verða afhentir góðgerðarsamtökum.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2018

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. Annar í páskum	3. Íslensk kjötsúpa Ávextir	4. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salatbar og graslauksdress- ing Ávextir Skólahreysti	5. Soðinn fiskur, grænmeti, kartöflur og tómatsósa	6. Nautagúllas, kartöflustappa og salatbar Ávextir Blár dagur	7.
8.	9. Plokkfiskur, rúgbrauð og salatbar Ávextir	10. Kjötbollur í súrsætri sósu, hrísgrjón og gúrka Ávextir	11. Steikur fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og pipardressing Ávextir Söngvaflóð í Hofi 1. og 2. b.	12. Píta og grænmeti—óskamatur nemenda Ávextir Söngvaflóð í Hofi 3. og 4. b.	13. Grjónagrautur og slátur Ávextir Söngvaflóð í Hofi 5.-7. b.	14.
15.	16. Hakkréttur, hrísgrjón og gúrka Ávextir	17. Fiskibollur, kartöflur, heit tómatsósa og salatbar Ávextir	18. Grisasnitsel, kartöflur, gular baunir, brún sósa og salat Ávextir	19. Sumardagurinn fyrsti	20. Súpa og brauð Ávextir Starfsd.—Frístund lokuð	21.
22.	23. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, lauksmjör og salatbar Ávextir	24. Lasagna, hvítlauksbrauð og gúrka Ávextir	25. Spaghettifiskur og salatbar Ávextir	26. Steikur kjúklingur, kartöflur, tómatedressing og salat Ávextir	27. Skrý, brauð, álegg og salat- bar Ávextir	28.
29.	30. Fiskur í karryostasósu, kúskús og gúrka Ávextir	1. maí Verkalýðsdagurinn	2. maí Ofnsteiktur fiskur í kryddol- íu, kartöflur og salatbar Ávextir	3. maí Lambapottréttur, hrísgrjón og rifnar gulrætur Ávextir	4. maí Pylsupasta og salatbar Ávextir	5. maí